




Innlána safnið - fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




Varfærna safnið - fyrir þá sem vilja taka litla markaðsáhættu




Hóflæg áhætta



Áræðna safnið - fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 31.12.2018
 Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

Orðsending fjárfestingaráðs:

Fjórði ársfjórðungur einkenndist af miklum sveiflum á markaði. Gengisvísitala krónunnar veiktist um rúmlega 10% í kjölfar neikvæðrar umræðu um íslensku flugfélögin og áhrifa á íslenskt hagkerfi. Veikingin gekk að hluta til baka í desember en var þrátt fyrir það um 3,4%. Þessar sveiflur á gjaldmiðlum höfðu töluverð áhrif á aðra eignamarkaði bæði á fjórðungnum sem og árinu. Vísitala innlendra skuldabréfa skilaði rúmlega 3,3% ávöxtun á ársfjórðungnum. Ávöxtun verðtryggðra bréfa var betri

en ávöxtun óverðtryggðra bréfa sem skýrist að hluta til af framboði verðtryggðra ríkisskuldabréfa og auknum verðbólguvæntingum, m.a. í tengslum við veikingu krónunnar. Hækkunar í innlendum hlutabréfamarkaði, sem áttu sér stað í upphafi árs, hafa gengið til baka og er lækkun ársins um 3,3% mæld í hlutabréfavísitölu Gamma. Vísitölur erlendra hlutabréfa lækkuðu töluvert í desember og var lækkun á fjórðungnum rúm 9%. Þrátt fyrir það er ávöxtun erlendra eigna jákvæð í heild á árinu.